

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2013****2013/EES/49/14****frá 15. mars 2013****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2zf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„2zg. **32012 D 0720**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25).

2zh. **32012 D 0721**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2012/720/ESB og 2012/721/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2012 frá 26. október 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið ESB nr. 6, 24.1.2013, bls. 18.